

## Vinnuferð í leik- og grunnskólann á Flúðum

Þann 24 maí 2013 tóku nokkrir kennarar á vegum þróunarverkefnisins Gullin í grenndinni þátt í skógardögum í Flúðskóla. Þátttakendur voru elstu börnin í leikskólanum ásamt 1. og 2. bekkingum fyrir hádegi í skóginum og eftir hádegi voru 7. bekkingar ásamt 7. bekkingum Þjórsárskóla við leik og störf í skóginum.

Verkefni í skóginum eru margvísleg og fléttuðust saman fræðsla, líkamsrækt og stígagerð. Við sem tókum þátt í þessum skemmtilega degi getum nýtt okkur margt sem við sáum í verkefninu okkar Gullin í grenndinni.

Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir frá skógardögum.



Nemendur baka brauð og hita kakó



Fróðlegt að rannsaka dýrin í skóginum með stækkunargleri



Gettu hver er ég er?



Fylgst með bátunum sigla á vatninu



Borið í stíga. Margar hendur vinna létt verk



Saumað í og blómið að verða tilbúið